

EFTA 1960-2010 - Elements of 50 Years of European History

Ritstjórar: Kåre Bryn og Guðmundur Einarsson

Bókarheiti: EFTA 1960-2010 - Elements of 50 Years of European History

Gagnrýnandi: Kjartan Emil Sigurðsson, stjórn málafræðingur

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Reykjavík 2010, 207 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „Í bókinni er sjónum beint að þeim útnára Evrópusamstarfsins sem Fríverslunarsamtökin voru um langa hríð. Sennilega eru það enn um sinn örlög fríverslunarsamtakanna EFTA að vera utangátta og kannski brátt með öllu gleymd. Þessi bók reynir að storka þeim örlögum!“

EVROPUSAGAN Í ÖÐRU LJÓSI

Fríverslunarsamtökin EFTA eiga sér sögu sem er utanveltu í hinni stærri sögu álfunnar, sem kennd er við Evrópu. Lengi vel má segja að starfsemi fríverslunarsamtakanna hafi legið í dvala og allt fram á 9. áratug nýliðinnar aldar braut ekki á einu eða neinu í starfseminni. Það virðist vera að Fríverslunarsamtökin hafi fyrir þennan tíma haft viðlíka stöðu og svokallað Evrópuráð hefur enn um sinn og raunar alla tíð. Þá þegar Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) tók sjálft að rumska varð Delors, hinum nafnkunna forseta framkvæmdastjórnar þess, það á í messunni að vekja um leið litlu systur í fríverslunarsamtökunum. Það gerðist í ræðu sem Delors flutti í Evrópuþinginu árið 1989. Hugmyndin um innri markaðinn sem kenndur var við ártalið 1992 varð að veruleika á grundvelli einingarlaga Evrópu. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði (EES) var nokkurs konar útúrdúr frá hinum eiginlega innri markaði. EES byggðist á því að þrjú EFTA-ríkjanna sem eftir voru í ríkjahópi fríverslunarsamtakanna féllust á að yfirtaka *acquis communautaire*, lagabálk Evrópusambandsins (ESB). EES var samt áður ekki byggt á nýjasta ríkjasamningi hins nýstofnaða ESB, heldur á þeim fyrri sem áður getur um og svo auðvitað Rómarsamningnum. Hér er ef til vill komin skýringin á því hvers vegna Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi aðstoðarmaður forsætis- og utanríkisráðherra, heldur því statt og stöðugt fram að Ísland geti á grundvelli EES fengið aðkomu að svokölluðu Myntbandalagi ESB (EMU), þ.e. evrunni. Sú skoðun hefði líklega betri möguleika að ná hlustum ef EES byggðist á seinni ríkjasamningnum, kenndum við Maastricht, þar sem sannarlega var samið um EMU og upptöku evru í fyllingu tímans. Vissulega má þó segja að það hafi nokkra þýðingu að vísa til fordæmis Svartfjallalands í þessu samhengi.

Hinn innri markaður og þar með EES er sagður vera „dýnamískur“ í því tilliti að nýjar gerðir er stöðugt verið að samþykka, framkvæma og fylgja eftir á öllu svæðinu, sem nú telur alls 30 ríki í Evrópu. Hefur þeirri skoðun verið haldið mjög á lofti að EFTA-ríkin og þar með Ísland verði að ríghalda í beinan aðgang að innri markaðnum sem EES eigi að tryggja. Griffiths segir í bókinni að menn eigi að læra að meta gildi þess að búa við sérlausnir, undanþágur og annað í þeim dúr. Hver og einn verði að geta valið sinn krákustiga. Þetta hefur heimspekingurinn Richard Bronk fjallað um og talið fjölbreytileika efnahagsmódelna vera styrk Evrópuríkja, ef rétt er skilið. Kemur manni þá í hug að þrátt fyrir innri markaðinn eru efnahagsmódelin allólík. Á Bretlandi er það engilsaxneskur markaðsbúskapur, í Þýskalandi er það „Rínarmódelið“, og svo hinar ólíku tegundir efnahagsmódelna á meginlandi Evrópu. Tvennt ber þó að taka fram í þessu tilliti. Hið fyrra er að Bretland hefur ekki kosið að taka upp evruna, en hana hafa nú um sinn ein 15 aðildarríki ESB gert að lögeyri. Hið síðara sem tengist þessu er það að eitt evruríkjanna er Írland, sem menn kenndu gjarna við írsku tígurinn, hefur fengið að kenna á efnahagshruni.

Bók sú sem hér er til umfjöllunar er yfirlitsrit og stendur vel undir því nafni. Þrátt fyrir að um opinbera stofnun sé að ræða fá einstakir fræðimenn að láta gamminn geysa, svo sem vera ber. Í bókinni er sjónum beint að þeim útnára Evrópusamstarfsins sem fríverslunarsamtökin voru um langa hríð. Sennilega eru það enn um sinn örlög fríverslunarsamtakanna EFTA að vera utangátta og kannski brátt með öllu gleymd. Þessi bók reynir að storka þeim örlögum!